



192. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fimmtudaginn 8. desember 2011 kl. 16:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Jón Gestur Viggósson, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu: Gunnar Bragason gjaldkeri og Helga H. Magnúsdóttir.

1. Fundur mennta- og menningarmálaráðherra með formönnum sérsambanda ÍSÍ og forystu ÍSÍ

Forseti tilkynnti um frestun fundar sem mennta- og menningarmálaráðherra hafði boðað til í dag. Áætlað er að halda fundinn 9. janúar 2012.

Rætt um undirbúningsfundinn sem haldinn var með formönnum sérsambanda í hádeginu í dag.

2. Fjárlagafrumvarp 2012

Búið er að samþykkja Fjárlög Alþingis 2012. Samþykkt var 32 m. króna aukning til ÍSÍ; 10 m.kr. til Afrekssjóðs, 12 m.kr. í Ferðasjóð íþróttafélaga og 10 m.kr. til undirbúnings Ólympíuleikanna í London.

Nokkrar umræður urðu um fjárlagafrumvarpið.

3. Ólympísk verkefni

-Vetrarólympíuleikar ungmenna

Lögð fram tillaga Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ um endanlegan keppendahóp leikunum. Tillagan samþykkt. Keppendur fyrir Íslands hönd verða Helga María Vilhjálmsdóttir og Jakob Helgi Bjarnason í alpagreinum og Gunnar Birgisson í skíðagöngu.

-London 2012

Friðrik Einarsson fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning fyrir leikana.

-Smáþjóðaleikar 2015

Forseti tilkynnti að framkvæmdastjórn GSSE hefði samþykkt á fundi sínum í Sochi 26.

nóvember sl. tillögu ÍSÍ um fimleika og golf sem viðbótargreinar á Smáþjóðaleikunum 2015.

Þá hefur borist ósk frá San Marino, Kýpur og Möltu um að „trap“ skotgreinin verði sem ein af keppnisgreinum í skotfimi á leikunum. Fulltrúar San Marino og Kýpur hafa boðist til að aðstoða við öflun nauðsynlegs tækjabúnaðs.

Engin ákvörðun tekin í málinu enda aðstaða ekki fyrir hendi eins og staðan er í dag.

4. Afmæli ÍSÍ 2012

Örn Andrésson minnti fundarmenn á að taka frá afmælisdag ÍSÍ 28. janúar nk. til þátttöku í hátíðardagskrá sem fyrirhuguð er í Ráðhúsi Reykjavíkur þann dag. Undirbúningur er í fullum gangi.

5. Fundur framkvæmdastjórnar EOC á Íslandi

Framkvæmdastjóri fór yfir áætlaða dagskrá vegna fundar framkvæmdastjórnar EOC á Íslandi 27.-29. janúar nk.

6. Heiðranir

Engar tilnefningar lágu fyrir. Forseti skýrði frá því að Heiðursráð ÍSÍ væri búið að vinna minnislista varðandi mögulegar tilnefningar og ynni áfram að málinu.

7. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 191. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráð ÍSÍ 6. desember 2011
- Þróunar- og fræðsluvið ÍSÍ frá 23. nóvember 2011
- Afrekssjóður frá 30. nóvember 2011
- Fundargerð óformlegs fundar íþróttahéraða 11. nóvember 2011
- Skýrsla framkvæmdastjóra ÍSÍ frá aðalfundi EOC í Sochi

8. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur er áætlaður 4. janúar 2012.

10. Önnur mál

Breytingar á Bogfiminefnd ÍSÍ

Lagt fram erindi Bogfiminefndar ÍSÍ um endurskipan nefndarinnar. Tillaga um eftirfarandi aðila í nefndina samþykkt:

Jón Eiríksson formaður
Lárus Jón Guðmundsson
Guðmundur Smári Gunnarsson

Vinnuhópur um framtíðarhlutverk héraðssambanda

Garðar Svansson skýrði frá því að á óformlegum fundi íþróttahéraða 11. nóvember sl. hefði verið ákveðið að koma saman vinnuhópi, skipuðum fulltrúum úr öllum landshlutum, til að skoða framtíðarhlutverk íþróttahéraða. Vinnuhópurinn óskar eftir stuðningi ÍSÍ vegna ferðakostnaðar í tengslum við fundi vinnuhópsins.

Framkvæmdastjóra og gjaldkera falið að koma með tillögu að stuðningi við vinnuhópinn.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir